

## Umhverfisstefna Hafnarfjarðarhafnar –

### Staða í aðgerðaráætlun haust 2022

Í umhverfisstefnu Hafnarfjarðarhafnar sem var upphaflega samþykkt í hafnarstjórn í desember 2019 og síðan yfirfarin árlega við gerð nýrrar fjárhags- og framkvæmdaáætlunar, eru sett fram skýr markmið í aðgerðaráætlun undir afmörkuðum efnisflokkum. Hér verður gerð grein fyrir stöðu helstu verkefna gildandi aðgerðaráætlunar nú í september 2022.

#### Almennir starfshættir:

Upplýsingar um umhverfisstefnu og eintök verkefni skulu verða aðgengilega á heimasíðu hafnarinnar:

- *Umhverfisstefnan – aðgerðaráætlun og Umhverfisuppgjör fyrir 2020 og kolefnisjöfnun opinber á heimsíðunni.*

Starfsmenn hvattir til að sækja námskeið varðandi umhverfismál og umhverfisvakt á hafnarsvæði.

- *Starfsmenn sótt námskeið varðandi olíumengunarmál – reglulegar æfingar*
- *Virk umhverfisvöktun á svæðinu.*

#### Vistvænar samgöngur:

Við endurnýjun bíla og tækjabúnaðar verði vistvæn sjónarmið höfð að leiðarljósi.

- *Endurnýjaður rafmagnsbíll – er með 250 km drægni. Sá eldri frá 2015 afskráður.*

Við skipulagsvinnu skal horft til vistvænna sjónarmiða – umferð og almenn starfsemi.

- *Rík áhersla á þessa þætti í skipulagsvinnu fyrir Óseyrarsvæði.*
- *Sömu áherslur varðandi vinnu sem að hefjast við Hamarshöfn og Flensborgarsvæði.*

#### Lýsing og hávaði:

Ljúka skal endurnýjun lýsingarbúnaðar á Suðurbakka og Hvaleyrarbakka fyrir árslok 2022.

- *Búið að endurnýja alla lýsingu og setja Led ljós bæði í Hfj.höfn og í Straumsvík*

Gera skal reglulega hljóðvistarkönnun á hafnarsvæði, innan og utan Suðurgarðs.

- *Stefnt að næstu hljóðvistarkönnun á komandi vetri nú þegar háspennu raftengin er komin í notkun á hafnarsvæðinu.*

Koma skal upp raftengikerfi á Suðurbakka allt að 5MW fyrir árslok 2022.

- *Á árinu 2022 var lokið framkvæmdum við uppsetningu á háspennutengingum bæði á Hvaleyrarbakka og Suðurbakka. Á sjómannadag 12. Júní var kerfið tekið í formlega í notkun og búið að tengja farþegaskipið Le Bellot 10 sinnum á þessum sumri og togarann Baldvin Njálsson í nokkur skipti. Nokkrar útgerðir og skipafélög sem eru með fastar siglingar til hafnarfjaraðarhafnar eru að undirbúa sín skip til að geta tengst þessum nýja búnaði.*

### **Úrgangur og spilliefni:**

Höfnin sé þáttakandi í samræmdu skráningar og flokkunarkerfi til að halda utan um öll skil á úrgangi.

- *Allur úrgangur og spilliefni skráð í tölvukerfi sem Umhverfisstofnun hefur aðgang að.*

Á opnu hafnarsvæði verði komið upp aðstöðu til losunar á flokkuðum úrgangi.

- *Verið að útbúa nýtt móttökusvæði fyrir flokkaðan úrgang frá stærri skipum á svæði milli Suðurbakka og Hvaleyrarbakka.*
- *Stefnt er að því að taka upp ítarlegri flokkun á sorpi við Flensborgarhöfn og Óseyrarbryggju.*

### **Neysluvatn:**

Sýnatökur á vatni úr afgreiðslubrunnum gerðar að lágmarki einu sinni á ári.

- *Heilbrigðiseftirlit tekurl á hverju vori sýni úr afgreiðslubrunnum á hafnarsvæðinu og gefur út vottorð um gæði og heilnæmi vatnsins.*

Skila úttekt til Vatnsveitu um innra eftirlit fyrir hvert ár.

- *Gott samstarf við Vatnsveitu um innra og ytra eftirlit á þrifum, búnaði og viðhaldsmálum.*

### **Skipulag / framkvæmdir:**

Við endurbyggingu á Flensborgar- og Óseyrarsvæði verði jarðefni sem til fellur nýtt sem kostur er til landfyllinga.

- *Jarðvegsframkvæmdir munu væntalega hefjast á Óseyrarsvæði á komandi vetri og þá jafnframt fylling við nýja höfn undir Vesturhamari.*

Komið verði upp almenningsbekkjum á opnum rýmum við Flensborgarhöfn og bætt aðgengi meðfram hafnarsvæði.

- *Höfnin fékk í sumar að gjöf setbekk sem var komið fyrir við sjávarkantinn á Fornubúðum.*

### **Umhverfisvöktun:**

Öllum ábendingum um bættu umgengni komið til viðkomandi aðila og málum fylgt eftir.

- Þessu verklagi hefur verið fylgt.

Draga sem kostur er úr kolefnislosun og kolefnisjafna með samningi við Kolvið.

- *Fyrsta umhverfisuppgjör unnið fyrir árið 2020 og kynnt sumarið 2021. Sambærilegt uppgjör fyrir árið 2021 kynnt fyrir hafnarstjórn fyrir á þessu ári. Kolefnisjafnað er með fjárfestingu í gróðursetningu á vegum Kolviðs.*

### **Viðbragðsáætlanir:**

Árlega skal halda sameiginlega æfingu hafnarstarfsmanna og slökkviliðs vegna viðbragða við olíumengun.

- *Reglulegt samstarf og samvinna með Slökkviliði. Undirbúningur hafinn að næstu sameiginlega æfingu.*

Reglulegt eftirlit með birgðahaldi og ástandi búnaðar vegna bráðamengunar.

- *Endurnýjaðar birgðir og aukið við lengd flotgirðinga og annars búnaðir á sl. vori. Reglulegt eftirlit með birgðahaldi.*